



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

# FARSÓTTAFRÉTTIR

3. árg. 11. tölublað. Nóvember 2007.

## EFNI:

Lifrabólga B og HIV-sýking á Íslandi tengdar fíkniefnaneyslu **1**

Sýking af völdum E. coli gengin yfir **2**

### Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Sigurlaug Hauksdóttir  
Þórolfur Guðnason

### Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1920

Netfang: [mottaka@landlaeknir.is](mailto:mottaka@landlaeknir.is)  
Veffang: [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

## LIFRARBÓLGA B OG HIV-SÝKING Á ÍSLANDI TENGDA FÍKNIEFNANEYSLU

Fyrir á þessu ári var vakin athygli á því í *Farsóttufréttum* að aukning hefði orðið á HIV-sýkingum hér á landi sem tengdist fíkniefnaneyslu (tölublað 3 og 9). Í sumum tilfellum greindist samtímis smit af völdum lifrabólgu B og HIV hjá fíkniefnaneytendum.


Ef titið er til fjölda þeirra sem greinst hafa með lifrabólgu B frá því greining hófst með mælingum á rannsóknarstofum hér á landi má sjá að stór faraldur af völdum bráðrar lifrabólgu B gekk yfir á árunum 1989–1991. Sá faraldur tengdist mestmegnis fíkniefnaneyslu. Í lok síðustu aldar jókst hlutur innflytjenda meðal þeirra sem greindust með lifrabólgu B. Flestir innflytjendanna voru með viðvarandi lifrabólgu B, enda komu þeir frá svæðum í heiminum þar sem sjúkdómurinn er landlægur og smitast oftast frá móður til barns við fæðingu.

Það sem af er þessu ári hefur orðið aukning á lifrabólgu B hér á landi. Aukningin

stafar fyrst og fremst af auknu smiti meðal Íslendinga. Níu af sautján Íslendingum (53%) tengjast fíkniefnaneyslu þar sem sprautur og nálar koma við sögu. Þar sem hálfur annar áratugur er liðinn frá ofangreindum faraldri lifrabólgu B meðal fíkniefnaneytenda hér á landi, má búast við að stór hópur þeirra sem nú hafa smitast sé óvarinn af mótiefnum gegn sjúkdóminum.

Hægt er að verjast þessum sjúkdómi með bólusetningu. Hingað til hefur ekki verið talið hagkvæmt að taka upp bólusetningu gegn lifrabólgu B í ungbarnabólusetningunni hér á landi. Kanna þarf möguleika á bólusetningu til handa fíkniefnaneytendum sem ekki hafa smitast af lifrabólgu B.

Á þessu ári hafa greinst 12 einstaklingar með sýkingu af völdum HIV. Hjá sex þeirra virðast vera tengsl við fíkniefnaneyslu og fjórir þeirra eru með samtímis sýkingu af völdum HIV og lifrabólgu B. Rakning smitleiða, sem er erfið meðal fíkniefnaneytenda, stendur yfir um þessar mundir.



*Þeir sem veiktust voru á aldrinum tveggja ára til 61 árs með búsetu víða um landið.*

*Aukning á lifrabólgu B stafar fyrst og fremst af auknu smiti meðal Íslendinga og 53% smitaðra Íslendinga á þessu ári tengjast fíkniefnaneyslu.*

## SÝKING AF VÖLDUM E. COLI (O157) GENGIN YFIR

Á tímabilinu frá 28. september til 22. októbers greindust á sýklafræðideild Landspítala samtals níu einstaklingar með sýkingu af völdum enteróhemoragísks E. coli (O157 PT8 VT1 +2). Stofnagreining á bakteríustofnunum var gerð með aðferðinni *Pulse Field Gel Electrophoresis* (PFGE) á sýklafræðideild Landspítala, sem sýndi að allir voru


smitaðir með sama stofni. Af því má gera ráð fyrir sameiginlegum uppruna sýkingarinnar.

Upphaf veikinda var frá 23. september til 18. október, þeir sem veiktust voru á aldrinum tveggja ára til 61 árs með búsetu víða um landið, sjá mynd. Ekki hafa greinst ný tilfelli síðan 28. október og virðist faraldurinn því genginn yfir.

### Mögulegar smitleiðir raktar

Farið var yfir ítarlegan spurningarlista með átta af níu þeirra sem veiktust um neyslu matvæla, ferðalög og þátttöku í stórveislum. Í ljós kom að sjö af átta borðuðu fisk eða brauðskinku en sex af átta greindu frá neyslu á salati. Fiskurinn og skinkan voru af mismunandi uppruna, en sýnt var fram á neyslu salats, sem var innflutt frá Hollandi, hjá fimm af þeim sex sem borðuðu salat.

Í kjölfar þessa jók Umhverfisstofnun eftirlit með salati með aukinni sýnatöku frá salati á markaðnum. Ræktanir hafa allar verið nei-



kvæðar fyrir E. coli O157, en endanlegar niðurstöður úr sýnum, sem tekin voru í byrjun nóvember, liggja ekki fyrir.

Í Hollandi greindust á svipuðum tíma 36 einstaklingar með sams konar sýkingu og á Íslandi. Samanburður á íslenskum og hollenskum bakteríustofnum með PFGE sýndi að sami stofn olli sýkingunum í báðum löndunum. Við rannsóknir Hollendinga á uppruna smitsins beindist grunur að pökkuðu jöklasalati. Ekki var fyllilega vitað um uppruna salatsins í Hollandi en vettvangsrannsókn var gerð og sýnataka fór fram hjá þeim framleiðendum í Hollandi sem komu til greina, en allar ræktanir voru neikvæðar fyrir E. coli O157. Faraldurinn virðist einnig genginn yfir í Hollandi.

Vegna tengingar við Holland var rannsóknin unnin í samvinnu við Hollendinga og Sóttvarnastofnun Evrópu (European Centre for Disease Control – ECDC) sem er staðsett í Stokkhólmi.

\* \* \* \* \*